11.

<u>Jakob B. Bjarnason, Síðu</u>

“Vorboðinn”

Blað U.m.f. Vorboðinn
3. tbl. 1925

# Vorboðinn.

3 tbl. fyrir helmingur 1925

## Nokkur orð um Skinfaxa.

Þegar jeg las um breitinguna á útkomu Skinfaxa í 10. tölublaði hans síðastliðið ár, fanst mjer strax krafan um það að hvert fjelag skildi kaupa jafn mörg inntök af blaðinu og það teldi marga fjelaga í ársbirjun mjög ósanngjörn og flaug mjer sú spurning í hug hvert þetta mindi ekki fleirum finnast
Nú hefir þetta verið rætt í fjelaginu okkar og þeim umræðum lauk með almennri neitun um að verða við kröfum Sambandsstjórnarinnar eins og þær lágu fyrir, og þar að auki hótun um

ad ganga úr Sambandinu ef ekki væri
slakað til. Mjer datt því í hugað láta
blaðið Vörðuna flitja nokkur orð um
mína skoðun á þessu vandræðamáli
Jeg hefi nú keypt Skinfaxa síðustu
7 árin og altaf lesið hann með ánægju.
mjer er því fremur hlítt til hans
þó hann hafi stundum verið misjafn
að efni og blæ sem er að kenna hinum
tíðu ritstjóra skiftum hefi jeg í næstum
hverju blaði fundið eitthvað sem
fillilega getur jafnast á við það besta í
hverju öðru Ísl. blaði á sínu sviði
Þau eru ekki fá orðin sem hann hefir
beint til Íslenskra ungmenna um
að efla sig í samstarfi og bróður-
hug, að þroska sig andlega og líkam-
lega til að verða nitari menn í lífs
baráttunni fyrir sjálfan sig og ættjörðina.
Jeg get als ekki talið það blað lítils
virði sem flitur slík eggjunar orð til

ungmennanna, því sannarlega veitir
þeim mörgum hverjum ekki af hvatning
Jeg er vissum að margir af þeim
sem hafa keypt og lesið Skinfaxa
með athygli eru þegar búnir að sína
það í verkinu að þeir hafa látið
hvatningar-orð hans sjer að kenningu
verða og starfa nú með vakandi áhuga
og starfi fyrir hugsjónir ungmenna
fjelaganna Ennfremur flitur Skinfaxi
skírslur um störf margra ungmenna-
fjelaga, aðallega þeirra sem eru framarlega
í framkvæmdum, getum við mart
lært af reinslu þeirra ef við höfðum
með höndum samskonar fyrirtæki.
Þannig getum við gegnum Skinfaxa
kinst öðrum fjelögum og ætti það
að vekja hjá okkur metnað um að
standa ekki að baki þeim. Því
heilbrigður metnaður er það sem á að
lifta ungmennafjelögunum uppá hærra

þroska sig, gera þau sem nú eru einsog óþroskaðir unglingar stórt mikil og fullvaxja. Þannig hefir Skinfaxi verið aðal taugin sem tengt hefir saman hin fámennu og strjálu ungmennafjelög hjer á landi og blásið að þeim fáu neistum af áhuga sem þar hafa leinst. Skinfaxi hefir alla tíð átt við þröngan kost að búa hvað efna hag~~inn~~ snertir enda oft borið þess ljós merki. Landsamband U. M. F. Í. hefir gefið hann út frá byrjun, hefði útgáfan átt að bera sig ef alt hefði verið í lagi. en reyndir hefir orðið sú að blaðið hefir verið þung byrði á hinum litla sambandssjóði

Orsökin til þessa er að miklu leiti hjá kaupendunum þeir hafa margir ekki borgað blaðið á rjettum tíma og jafnvel ekki sumir árum saman.

Afleiðingin verður sú að þegar andvirði

blaðsins innheimtist seint og illa, vantaði fje til útgáfunnar framvegis, svo Landsambandssjóðurinn hefir orðið að leggja blaðinu til fje svo það gæti haldið áfram að koma út. En nú er svo komið að Landsambandinu finst tími til kominn að ljetta þessari þyngd birði af sjer þessvegna er hin mikla breiting á útgáfu og útsölu blaðsins ræedd og samþikt á síðasta þingi Landsambandsins.
Með þessari breitingu hygst Landsambandið að gera Skinfaxa að aðal tekju-lind sinni, þar sem ákveðið er að fella niður 35 aura skattinn sem greiddur hefir verið í Lsambandssjóðinn af hverjum fjelaga og verið hafa aðal tekjur þess, hjá fjelög-unum er ágangurinn viss að andvirði blaðsins, en svo er það þeirra að gera sjer verð úr upplaginu.
En hvernig ætli afkoman verði hjá fjelög-unum þegar þessari nýju birði er þannig

varpad á hendur þeim. Jeg ætla ad
taka dæmi af fjelaginu okkar því
þad þekki jeg best. Árstillag fyrir
fullordna karlmenn er nú ákvedid
3 kr. en fyrir kvenfólk og unglinga
kr 2,25 en barna 1,50 og lætur nærri
ad þad sje fullur fjórdungur fjelags-
manna, af þessum til-lögum verdur
fjelagid ad greida fyrir Skinfaxa helming
af tillagi hvers fullordins karlmans
2/3 af tillagi kvenfólks og unglinga og
alt tillag barnanna. Þad verdur því
næsta lítid eftir til allra útgjalda
fjelagsins, audsjáanlega ókaskotid fyrir
þad ad hægt sje ad leggja nokkra krónu
til hlida eda framkvæma nokkud sem
peninga þarf til. Udvitad vildi fjelagid
ad reina ad selja þad sem hægt væri
af bladinu, mætti gera rád fyrir einu
intöki á hvert heimili þar sem fjelagarnir
eiga heima, einnig gæti hent sig ad

selja mætti nokkur intök utan fjelagsins.
Þó gæti þad tæplega ordid meira en svo
ad fjelagid yrdi ad selja med fullan helming
á seldan sem audvitad yrdi því enkis virdi
Væri bladinu útbitt medal fjelagsmanna
ókeypis, væri óhjákvæmilegt ad hækka
tillagin um 1 kr á mann ætti fjelagid
ad standast. En þad er næst því ad vera
hid sama og skylda hverjum fjelaga ad
kaupa bladid. en þad getur aldrei gengid ad
þröngva neinum til ad kaupa þad sem
hann ekki vill. Eitt intök á hvert
heimili er nóg þad gæti alt heimilis
fólkid lesid og med því væri útbreidslu
bladsins vel borgid. En ad hugsa sjer keypt
jafn mörg intök á heimili eins og fjelagar
eru þadan margir er fjarstæda. slíkt
kæmi ópægilega vid fjölskildur sem væru í
fjelaginu og marga unglingana sem
oft hafa lítil peninga ráð.
Vegna þess sem nú hefir verid talid varð

~~fél~~félagið að neita kröfunni frá síðasta Sambandsþingi ~~Það hvorki vildi nje gat lagt sitt litla efnalega sjálfstæði í tvísínu hennar vegna~~ Höfnunin um að ganga úr Sambandinu var ekki nauðsinleg. neitunin var nógtil þess að knýja til athugunar á málinu. Náist ekki samkomulag kemur það af sjálfu sjer að við verðum að ganga úr Sambandinu. en það til jeg okkur ómetanlegan skaða, þó við höfum en ekki haft mikinn beinan hagnað af að vera í því. þá er víst að í framtíðinni (framtíðinni) verður það á margan hátt stór hagur. enda hefir okkur nú þegar staðið til boða meira en við höfum haft ástæður til að þiggja þessvegna finst mjer við verðum að gera það sem frekast er hægt til að samkomulag náist

Mjer finnst Sambandsþingið síðasta hafa

tekist fullmikid í fang að ákveða jafn stóra breitingu sem snerti fjelögin jafn mikið, án þess að hún kæmi fyrst til umræðu ~~~~ á öllum þingum Hjeraðssambandanna og helst heima í hverju einstöku fjelagi. Með því hefði regster málsins orðið heilbrigðari enn líkur til að þá hefði fengist frá miklum meirihluta viðunanlegar tillögur sem hefði mátt haga breitingunni eftir. Undanfarið hefir Sambandið leitað álits fjelaganna um öll stærri mál sem hafa snert þau beinlínis þó það litlu heilli vikið frá þeirri reglu að þessu sinni